



Hreppsnefnd 01.12.05

**Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 1. des. 2005
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Bragi Vagnsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir að útsvarsprósenta 2006 yrði tekin á dagskrá undir 5. lið dagskrár.

Samþykkt samhljóða.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 17. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 17. nóv. sl.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál. Tilboð í efnisflutninga, vegna uppfyllingar við höfnina.
Sveitarstjóri kynnti hugmyndir að verðum í efnisflutninga vegna fyllingarverkefnis á hafnarsvæði, annars vegar frá Hagtaki h/f og hins vegar frá vörubílstjórum á Vopnafirði. Miklar umræður urðu um þessi mál þar sem nefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að fela sveitarstjóra að leita samninga um flutningana við Vörubílstjórafélag Vopnafjarðar, enda náist fram viðunandi lækkun frá núverandi verðhugmynd þeirra.

3. mál. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2005.
Sveitarstjóri lagði fram tillögu að breytingum v/endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2005. Gerði hann grein fyrir helstu breytingum sem fram koma í tillögunni. Lagði hann síðan til að tillögunni yrði vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða fyrirbyggjandi tillögu um að taka endurskoðun fjárhagsáætlunar til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

Oddviti gerði síðan grein fyrir vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2006. Áætlað er að leggja hana fram til fyrri umræðu á næsta fundi hreppsnefndar. Milli umræðna verði unnið að endanlegri gerð áætlunarinnar með svipuðu sniði og gert var á síðastliðnu ári þar sem hreppsnefnd öll kemur að vinnunni. Miðað er við að síðari umræða fari fram í janúar n. k. Almenn ánægja var meðal fulltrúa um þetta fyrirkomulag og þess vænst að vinnan verði bæði virkari og ánægjulegri fyrir bragðið.

4. mál. Skólaakstur, auglýsing.
Gerð var grein fyrir samningum um skólaakstur og þeim tveimur leiðum sem eru að losna. Oddviti gerði grein fyrir fyrirkomulagi þessara mála og lagði hann til að aksturinn á leiðinni út í Strandhöfn yrði brúaður til bráðabirgða fram að áramótum. Jafnframt lagði hann til að gengið yrði frá auglýsingu um útboð á þeim akstursleiðum, sem eru að losna.
Hreppsnefnd samþykkti samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að málsmeðferð.

5. mál. Útsvarsprósenta árið 2006.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Lagt fram bréf, dags. 28. nóvember sl., frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar sem minnt er á að tilkynna þarf álagningarprósentu útsvars fyrir tekjuárið 2006 til fjármálaráðuneytisins eigi síðar en 15. desember n. k.

Síðan lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að álagt útsvar tekjuárið 2006 verði 13.03% af útsvarsstofni”.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur dags. 25. nóv. 2005.

Lögð fram til kynningar.

b) Fjárveitingar skv. breytingatillögum við 2. umræðu fjárlaga 2006, sem ætlaðar eru til Vopnafjarðar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.15